

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2017, mánudaginn 19. júní, var haldinn 157. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1 á 2. hæð. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Kristín Erna Arnardóttir, Eyrún Eypórsdóttir, Elínóra Inga Sigurðardóttir, Sverrir Þór Sverrisson (varamaður Sigurðar Eggertssonar) og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvarinnar og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 31. maí 2017, um breytingu á aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 vegna Borgarlínu.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri aðalskipulags tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 14. júní 2017, um aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 varðandi Kópavogsgöng og tengingar við þau.

3. Lögð fram uppröðun hverfisráðs á innkomnum tillögum í verkefninu Hverfið mitt. Vísað til verkefnastjórnar.

4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. júní 2017, um opinn fund um breytingar á aðalskipulagi vegna breyttra heimilda um veitinga- og gististaði eftir landnotkunarsvæðum.

Boðað hefur verið til opins fundar um breytingatillögurnar 21. júní nk. kl. 17.

- kl. 17.06 vikur formaður Dóra Magnúsdóttir af fundi og Kristín Erna Arnardóttir tekur við fundarstjórn.

5. Fram fer umræða um aðlögun fólks af erlendum uppruna Þí hverfinu og þá sérstaklega um þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í íþrótta- og tómstundastarfi. Rætt um nýtingu þessa hóps á frístundakortinu. Fram fer kynning á verkefninu Samspil í Breiðholti á tímabilinu 2014 -2016 og verkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Lögreglan í fjölbreyttu samfélagi.

Eva Dögg Guðmundsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fram fer umræða um aðgerðaráætlun um heilsuefningu í hverfinu. Unnið er að undirritun á sameiginlegri yfirlýsingu í haust.

7. Fram fer umræða um ferlið þegar ábendingar frá íbúum um hverfismál berast hverfisráði. Fyrir liggur erindi frá íbúa við Hæðargarð um aukinn umferðarhraða um götuna. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að fylgja erindinu eftir til umhverfis- og skipulagssviðs.

Fundi slitið kl. 18.10

Dóra Magnúsdóttir

Kristín Erna Arnardóttir
Sverrir Þór Sverrisson

Eyrún Eypórsdóttir
Elínóra Inga Sigurðardóttir